

Dags eftirlits	29.8.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Alur Álvinnsla (áður Kratus ehf.)	Eftirlitsmaður	Margrét Helga Guðmundsdóttir
Heimili	Klafastaðavegi 4	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4307002270	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Brynja Silness	ÍSAT nr.	3832
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	64,355088 -21,788370

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekki voru sett fram ný frávik í eftirlitinu, en eldri frávikum frá árinu 2021 er ólokið og hefur rekstraraðili unnið eftir úrbótaáætlun vegna þeirra.

## UMFANG EFTIRLITS

Reglubundið eftirlit í Al álvinnslu á Grundartanga fór fram 29. ágúst 2022.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Síðasta eftirlitsskýrsla og staða úrbóta útistandandi frávika
- Innra eftirlit rekstraraðila skv.kafla 3 í starfsleyfi
- Skýrslugjöf skv. gr. 5.3 í starfsleyfi
- Kvartanir og ábendingar
- Áhættumat og stjórnvaldssektir
- Önnur mál

Rekstraraðili kynnti starfsemina fyrir eftirlitsmönnum og útskýrði vinnsluferlið. Fyrirtækið endurvinnur ál úr álgjalli sem fellur til við frumframleiðslu áls hjá Rio Tinto í Straumsvík og Norðuráli á Grundartanga. Álgjall og álflok eru sett í bræðsluofn, þar sem salti er blandað saman við, og afurðin er endurunnið ál sem síðan er notað aftur.

Farið var yfir síðustu eftirlitsskýrslu og stöðu eldri frávika. Í eftirliti 8. september 2021 komu fram tvö frávik er varða útblástursmælingar og styrk vetnisflúoríðs. Einungis ein útblástursmæling var framkvæmd á árinu 2020 en þær eiga að vera tvær skv. starfsleyfi. Þá hefur styrkur vetnisflúoríðs mælst yfir starfsleyfismörkum í útblástursmælingum 2020 og 2021. Styrkurinn mældist 22,5 mg/Nm<sup>3</sup> í nóvember 2020 og 6,5 mg/Nm<sup>3</sup> í september 2021. Starfsleyfismörkin fyrir flúorefnasambönd eru 2,5 mg/Nm<sup>3</sup>. Árið 2020 var settur upp búnaður við hreinsivirkið þar sem Sorbocal er notað til að fanga flúoríð.

Önnur eldri frávik snéru að útflutningi á saltköku og frágangi lóðar. Ekki hefur fengist móttökuaðili fyrir saltköku síðan í mars 2021 og því hefur hún safnast upp hjá rekstraraðila. Í framhaldi af því var ákveðið að kaupa endurvinnslubúnað til að endurvinna saltkökuna hér á landi og er það í ferli. Áætlað er að búnaðurinn berist til landsins í október nk. og verði settur upp þegar hann berst til landsins. Þegar búnaðurinn verður kominn upp verður öll saltkaka sem verður til í verksmiðjunni endurunnin á staðnum og mun því ekki safnast upp eins og verið hefur.

Fráviki varðandi frágang á lóð er langt komin. og stefnt að því að frágangi muni ljúka eftir að nýr búnaður hefur verið settur upp.

Farið var yfir innra eftirlit rekstraraðila skv. kafla 3 í starfsleyfi. Minnt var á að senda niðurstöður mælinga á PCDD/PCDF árlega, en síðustu mælingar bárust í mars 2021. Yfirliti yfir mælingar skal skila fyrir almanaksárið á undan fyrir 1. júlí næsta ár.

Síuryk er flutt út til endurvinnslu 4-5 hvert ár. Næstu heilu pokaskipti eru áætluð 2025, en skipt var síðast 2020, viðhald á pokum er eftir þörfum milli þess tíma.

Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi var skilað á réttum tíma og er það aðgengilegt á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Farið var yfir þær kvartanir og ábendingar sem borist hafa. Rekstraraðili upplýsti að búið væri að kaupa tvö ný hreinsivirki til viðbótar sem bíði uppsetningar.


Umhverfisstofnun skráir allar ábendingar sem berast stofnuninni og óskar eftir útskýringum frá rekstraraðila.

Farið var yfir áhættumat rekstraraðila í eftirlitinu.

Að lokum var farið í skoðunarferð um verksmiðju og verksmiðjulóð. Staðfest var að frágangur er góður og ekki tilefni til frekar athugasemda að þessu sinni.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 20.12.2022



Sigríður Magnúsdóttir



